Uppfært í september 2026

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN HEILBRIGÐISSTOFNUNAR

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða norðursvæði

ÁÆTLANIR
vegna hópslysa er að finna á sameignardrifi undir „Viðbragðsáætlanir“, á vef stofnunarinnar og á Workplace.

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Almannavarnadeild RLS
Landlæknir

1. Efnisyfirlit

1. Efnisyfirlit 2
2. Formáli 3
3. Staðhættir 4
4. Skammstafanir og orðskýringar 7
5. Virkjun áætlunar og boðun 9
6. Stjórnkerfi 11
7. Starfssvæði 17
8. Áhættumat stofnunar 19
9. Verkefni starfsfólks 21
10. Samskiptaleiðir 47
11. Kort og myndir 50
12. Dreifingarlisti 53
13. Breytingasaga 54
14. Flugslys 55
15. Rútuslys 57
16. Snjóflóð 58

2. Formáli

Þessi viðbragðsáætlun er gerð eftir forskrift Landlæknisembættisins, almannavarnadeildar ríkislögreglustjórans og Landspítala. Tilgangurinn með henni er að samræma þá lykilþætti sem viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnanna þurfa að innihalda, þannig að þær séu sem líkastar að uppsetningu. Samkvæmt 15. grein laga um almannavarnir nr. 82/2008 ber ráðuneytum og undirstofnunum þeirra að gera viðbragðsáætlanir.

Í gildi er önnur viðbragðsáætlun fyrir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða - Suðursvæði, en auk þess eru til fjölmargar áætlanir fyrir viðbragðsaðila á svæðinu og á landsvísu fyrir áföll af ýmsu tagi.

Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um skipulag og stjórn aðgerða innan heilbrigðisstofnunarinnar í kjölfar atburðar sem kallar á aukin viðbrögð hennar.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008, lög um sóttvarnir nr. 19/1997, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um eiturefni og hættuleg efni nr. 52/1988 auk laga um heilbrigðisstéttir og laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Viðbragðsáætluninni er ætlað að vera til leiðbeiningar um séráætlanir HVest, en ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða.

Ábyrgð á áætlun þessari er á höndum framkvæmdastjórnar heilbrigðisstofnunarinnar og hefur áætlunin verið send til umsagnar og samþykkt af Embætti landlæknis, almannavarnanefnd og almannavarnardeild ríkislögreglustjórans. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan stofnunar. Ef miklar breytingar verða á starfsemi stofnunarinnar skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin er vistuð á vefsíðu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, á Workplace-svæði stofnunarinnar, á sameignardrifi (undir Viðbragðsáætlun) og útprentuð á lykildeildum, sjá kafla 12 á bls. 53.

Yfirferð og breytingar 2019 voru í höndum bráðanefndar (Súsanna Björg Ástvaldsdóttir læknir, Sara Guðmundsdóttir svæfingarhjúkrunarfræðingur, Þuríður Katrín Vilmundardóttir skurðhjúkrunarfræðingur).

Yfirfarið 2024 af Bráðanefnd (Súsanna Björg Ástvaldsdóttir læknir, Sara Guðmundsdóttir svæfingarhjúkrunarfræðingur, Þuríður Katrín Vilmundardóttir skurðhjúkrunarfræðingur og Aðalbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarfræðingur). Yfirfarið mars 2026/Sara Guðmundsdóttir.

Yfirfarin í júní 2026 í kjölfar flugslysaæfingar (Súsanna Björg Ástvaldsdóttir og Aðalbjörg Sigurjónsdóttir).

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

Ísafirði Desember 2025

Lúðvík Þorgeirsson	Súsanna Ástvaldsdóttir	Hildur Elísabet Pétursdóttir
forstjóri	framkvæmdastjóri lækninga	framkvæmdastjóri hjúkrunar

3. Staðhættir

Staðsetning og skilgreining stofnunar

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVest) á Ísafirði er staðsett efst á eyrinni sem miðbær Ísafjarðar stendur á. Þar er umdæmissjúkrahús fyrir norðanverða Vestfirði og heilsugæslustöð. Þar er öll almenn bráða- og skurðþjónusta veitt og rannsóknir og endurhæfing vegna hennar. Utan dagvinnu er sjúkradeild mönnuð, auk bakvakta sérfræðinga, heilsugæslulækna, ljósmæðra, starfsfólks skurð- og slysadeildar og rannsóknadeilda. Stofnunin rekur einnig hjúkrunarheimili á Ísafirði, í Bolungarvík og hjúkrunardeild á Þingeyri, sem og heilsugæslustöðvar í Bolungarvík, Súðavík, á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Heimilisfang: Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Torfnesi, 400 Ísafirði. Sími: 450 4500. Heimasíða: www.HVest.is.

Helstu vegir sem liggja að stofnuninni

Sjá myndir í 11. kafla á blaðsíðu 50.

Sjúkrahúsið á Ísafirði er staðsett þar sem aðalvegurinn inn í bæinn endar í hringtorgi.

Aðalvegasamband við Ísafjörð er um Ísafjarðardjúp að sunnan og norðan og við vesturfirðina um Vestfjarðagöng að vestan. Vesturleiðin er oftar ófær á vetrartíma. Akstursleiðir frá Reykjavík eru:

- Um Ísafjarðardjúp:
    - Annars vegar um Brattabrekku, gegnum Búðardal, Svínadal, yfir Þröskulda til Hólmavíkur og yfir Steingrímsfjarðarheiði um Ísafjarðardjúp til Ísafjarðar. Sú leið er öll malbikuð með breiða og beina vegi.
    - Hins vegar um Holtavörðuheiði, norður Strandir til Hólmavíkur og þaðan yfir Steingrímsfjarðarheiði um Ísafjarðardjúp til Ísafjarðar. Sú leið er malbikuð að stórum hluta en malarvegir frekar mjóir og krókóttir.
- Vesturleiðin (oftar ófær á vetrartíma):
    - Um Brattabrekku, gegnum Búðardal, Svínadal og í vesturátt yfir Hjallaháls, Ódrjúgsháls, Klettsháls, Dynjandisheiði, Dýrafjarðargöng og Gemlufallsheiði. Nokkrir seinfærir malarvegir um hálsa og heiðar.

Flugvellir og hafnir í næsta nágrenni

Flugvöllur er á Ísafirði.

A.m.k. tveggja tíma akstur er frá Bíldudalsflugvelli í Arnarfirði til Ísafjarðar að sumarlagi. Oft ófært þangað á vetrartíma en oftar opið nú en áður með tilkomu Dýrafjarðarganga.

Hafnir eru á Ísafirði, Bolungarvík, Súðavík, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Upplýsingar um stofnunina

Sjúkrasvið

Á Ísafirði er almennt sjúkrahús. Sjúkrahúsið er opið allan sólarhringinn og með bakvaktir vegna bráðaþjónustu.

- Blönduð sjúkradeild með 15 leyfðum rúmum á 12 tveggja manna stofum. Því er hægt að hafa samtals 24 rúm á deildinni. Tvær stofur er hægt að nota fyrir einangrun. Hægt er að stækka deildina um fjögur rúm inni á fyrrverandi öldrunardeild.
- Fæðingadeild með tveimur rúmum á eins manns stofum. Fæðingastofa með endurlífgunarborði fyrir nýbura, umönnunarherbergi og setustofa, auk ljósmæðravaktar.
- Slysadeild með innkeyrslu fyrir sjúkrabíla, þremur móttökustofum og geymslu fyrir hópslysabúnað.
- Skurðdeild með einni skurðstofu, einni speglunarstofu, sótthreinsun og tveggja rúma vöknun.
- Röntgendeild með stafræn röntgentæki, tölvusneiðmyndatæki (CT) og ómtæki. Deildin annast einnig töku hjartalínurita.
- Rannsóknastofa fyrir allar almennar blóðrannsóknir og sýklaræktun.
- Endurhæfingardeild með sundlaug og iðjuþjálfun.
- Hjúkrunarheimilin Eyri á Ísafirði (30 rúm) og Berg í Bolungarvík (10 rúm).
- Hjúkrunardeildin Tjörn á Þingeyri er með sex rúm.
- Stöðugildi eru um 190.

Heilsugæslusvið

Miðstöð heilsugæslu og heilsuverndar er í sama húsnæði og spítalinn. Í húsinu er einnig ein tannlæknastofa. Heilsugæslustöðin er opin alla virka daga og sinnir heilsugæslulæknir bakvöktum þess utan.

Í Bolungarvík er heilsugæslustöð opin tvo virka daga í viku frá kl. 9-11:30 með lækni frá HVest á Ísafirði. Þar er líka 10 rúma hjúkrunarheimili með hjúkrunarfræðingi á dagvöktum virka daga.

Á Þingeyri er heilsugæslustöð opin einn dagspart í viku og mönnuð frá Ísafirði. Í sama húsi er sex rúma hjúkrunardeild. Heilsugæslustöðvar eru opnar einn dagspart í viku á Flateyri, Súðavík og Suðureyri.

Allri vaktþjónustu vegna heilsugæslu á starfssvæðinu er sinnt frá Ísafirði.

Fjöldi starfsmanna eftir menntun og starfssviði

Starfsheiti:	Heilsugæsla, fjöldi starfsmanna:	Sjúkrahús, fjöldi starfsmanna:	Hjúkrunarheimili, fjöldi starfsmanna:
Skurðlæknir		1	
Heilsugæslulæknar, fastir	3		
Heilsugæslulæknar, verktakar, tímabundið	2		
Skurðhjúkrunarfræðingar		2	
Svæfingarhjúkrunarfræðingur		1	
Hjúkrunarfræðingar, aðrir	6	11	3
Sjúkraliðar	8	11	25
Ófaglærðir á við aðhlynningu	2		42
Geislafræðingar		3	

Lífeindafræðingar		3
Sjúkraþjálfarar		4
Iðjuþjálfarar		2
Aðstoðarmenn sjþj.- og iðjuþj.		4
Lækna- og móttökuritarar	7	
Skrifstofa	6	
Eldhús	7	
Lyfjabúr/apótek	2	
Vörulager/innkaupastjórn	1	
Ráðsmaður, húsvarsla	1	
Kerfisfræðingur	2	

4. Skammstafanir og orðskýringar

Skammstafanir

112	Samræmd neyðarsímsvörun fyrir Ísland
AVD	Almannavarnadeild
AHS	Aðhlynningarstjóri
AST	Aðgerðastjórn/-stjóri
AVN, AV-NEFND	Almannavarnanefnd
ÁÆTLANIR	Hluti af SÁBF (Áætlanagerð við neyðarstjórnun)
BJARGIR	Hluti af SÁBF (Mannafli, tæki og búnaður)
FRAMKVÆMD	Hluti af SÁBF (Framkvæmdir aðgerða og samskipti við slysstað)
HVest	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
LL	Landlæknisembættið
LSH	Landspítali
MÓT	Móttökustaður bjarga á slysavettvangi
RKÍ	Rauði kross Íslands
RLS	Embætti Ríkislögreglustjóra
SÁBF	**S**tjórnun-**Á**ætlun-**B**jargir-**F**ramkvæmd, fjórir megin verkþættir verkþáttaskipuritsins sem notað er við neyðarstjórnun
SLY	Slysstaður, svæði afmarkað með innri lokun
SSA	Söfnunarsvæði aðstandenda á slysavettvangi
SSL	Söfnunarsvæði látinna á slysavettvangi
SSS	Söfnunarsvæði slasaðra á slysavettvangi
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð 14, Reykjavík
STJÓRNUN	Hluti af SÁBF (Stjórnandi á neyðartímum)
VETTVANGUR	Slysstaður og þau svæði sem viðbragðsaðilar setja upp í kringum hann
VBS	Viðbragðsstjórn
VST	Vettvangsstjórn/-stjóri

Orðskýringar

Háskastig.

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig: Óvissustig, hættustig og neyðarstig eftir alvarleika og umfangi þeirrar hættu sem steðjar að.

Óvissustig

Upplýsingasöfnun, hættumat

ÓVISSUSTIG, einkennist af atburðarás sem hafin er og ætla má að geti leitt til þess að öryggi fólks eða byggðar sé stefnt í hættu. Á þessu stigi hefst samráð milli viðbragðsaðila og almannavarna. Þegar upplýsingar um eðli atburðar eru óljósar skal virkja á óvissustigi þar til fram koma nægilegar upplýsingar til að ákveða um frekari virkjun viðbragðsáætlunar. Leitað er eftir frekari upplýsingum

eða boðun staðfest áður en frekari viðbrögð eru ákveðin. Samhæfingarstöðin eða 112 getur beðið heilbrigðisstofnun um að virkja skv. óvissustigi.

Hættustig

Viðbúnaður vegna hættu

HÆTTUSTIGI er lýst yfir ef upplýsingar leiða í ljós að alvarlegt slys eða önnur vá hefur orðið eða er yfirvofandi í umdæminu. Einnig getur Samhæfingarstöðin beðið heilbrigðisstofnun að virkja á hættustigi vegna hættu eða slysa í öðrum umdæmum.

Þetta stig getur falið í sér virkjun hluta af starfsemi stofnunar.

Neyðarstig

Neyðaraðgerðir vegna atburða/allsherjarútkall

NEYÐARSTIGI er lýst yfir vegna slyss eða annarrar vár sem þegar hefur átt sér stað. Á þessu stigi er öll starfsemi stofnunar virkjuð. Verkefni einkennast af tafarlausum aðgerðum til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra frekari slysum og varna frekara tjóni. Samhæfingastöðin getur beðið heilbrigðisstofnun um að virkja skv. neyðarstigi.

5. Virkjun áætlunar og boðun

Virkjun

Tilkynning um atburð sem kallar á virkjun stofnunarinnar skal **umsvifalaust berast til vaktlæknis í síma 860 0833**, sem hefur samband við lækningaforstjóra (eða umdæmislækni) í viðbragðsstjórn til ákvörðunar um stig viðbúnaðar og boðunarleið, þ.e. ÓVISSUSTIG, HÆTTUSTIG eða NEYÐARSTIG.

Þegar vakthafandi læknir fær boð um virkjun þá:

1. Hringir hann í 112 og fær staðfestingu á tilkynningunni.
2. Tilkynnir svo viðbragðsstjórn stofnunarinnar (sjá næsta kafla), eða óskar eftir því við 112 að viðbragðsstjórn sé boðuð.
3. Upplýsir samstarfsfólk um viðbúnað.
4. Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn.

Boðun

Þegar upplýsingar berast sem gefa tilefni til að virkja áætlunina skal viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar meta ástandið og ákveða á hvaða stigi skuli unnið. Upplýsa skal starfsmenn stofnunar ásamt AST/AVN og eftir atvikum 112/SST.

> *Stjórnandi (framkvæmdastjóri lækninga/umdæmislæknir) á hverjum tíma þarf að fá upplýsingar um:*
>
> 1. **Hvað gerðist.**
> 2. **Fjöldi** slasaðra/veikra og ástand þeirra (bráðaflokkun og áverkamat).
> 3. **Hvar.** Staðsetning atburðar, bær, gata og þess háttar.
> 4. **Hver tilkynnir.**
> 5. **Aðstæður á vettvangi**. Hættur, veðurfar og fleira.

Útkallslistar fyrir starfsfólk stofnunarinnar eru til hjá 112 sem kalla þarf út eftir þörfum. Ákvörðun um hvaða hópslys innan stofnunarinnar er kallað út þarf að koma frá vakthafandi sérfræðingslækni á sjúkradeild eða viðbragðsstjórn HVEST.

- **Viðbragðsstjórn HVest Ísafirði** (forstjóri og framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar, starfsmaður skiptiborðs, vaktsími heilsugæslulæknis, sími hjúkrunarfræðings á sjúkradeild og sími 450 4500)
- **Hópslys 1 HVEST Ísafirði: Allt að 3 slasaðir** (Vaktlæknir, lyflæknir á sjúkradeild, skurðlæknir, skurðhjúkrunarfræðingar, svæfingarhjúkrunarfræðingur, rannsókn, röntgen og hjúkrunarfræðingur af bráðadeild).
- **Hópslys 2 HVEST Ísafirði: 4-10 slasaðir** (Skurðhjúkrunarfræðingar, allir læknar svæfingarhjúkrunarfræðingur, rannsókn, röntgen, allir hjúkrunarfræðingar sjúkradeildar, sjúkraliðar sjúkradeildar, móttökuritarar, innkaupastjóri og starfsmaður í apóteki).
- **Hópslys 3 HVEST Ísafirði: fleiri en 10 slasaðir** Allir að ofan kallaðir út, en auk þeirra: hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar utan sjúkradeildar-heilsugæsla, Eyri, heilbrigðisgagnafræðingar, innkaupastjóri, lyfjatæknir, yfirmenn eldhúss, endurhæfingadeildar og ræstingar, starfsmenn endurhæfingardeildar.

Aðrir starfsmenn eru kallaðir út af viðkomandi deildum/starfssvæðum, eða af skiptiborði, eftir því sem þurfa þykir.

Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni skal viðbragðsstjórn stofnunarinnar tafarlaust hefja afboðun eins og þurfa þykir. Um leið og símavakt fær tilkynningu um afboðun þá upplýsir hún viðbragðsstjórn stofnunarinnar og starfsmenn.

Utanumhald með boðunarlistum

Bráðanefnd (nú Sara Guðmundsdóttir), og til vara stjórnarmaður í Bráðanefnd stofnunarinnar, sér til þess að útkallslistar séu rétt uppfærðir í kerfi Neyðarlínunnar 112 (Bjargir). Æskilegt er að farið sé yfir listana með reglubundnum hætti.

6. Stjórnkerfi

Í þessum kafla er farið yfir stjórnskipulag almannavarna í landinu og tengingu þess við heilbrigðisstofnanir. Einnig er farið yfir hlutverk viðbragðstjórna heilbrigðisstofnana og að lokum er farið yfir stjórnskipulag og samhæfingu vegna áfallahjálpar og skiptingu áfallahjálpar í fyrsta stigs og annars stigs áfallahjálp.

6.1 Skipulag almannavarna

Samhæfingarstöð almannavarna

Samhæfingarstöðin (SST) er stjórnstöð sérstakra aðgerða og samhæfir á milli umdæma. Stöðin er staðsett í Björgunarmiðstöðinni að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Samhæfingarstöðin er virkjuð að fullu þegar NEYÐARSTIGI hefur verið lýst yfir og eftir það fer samræming og stjórnun aðgerða fram í stöðinni. Á HÆTTUSTIGI hefst undirbúningur vegna virkjunar og er þá hluti áhafnar að störfum í stöðinni. Samhæfingarstöðin skipuleggur stuðning við heilbrigðisstofnanir samkvæmt beiðni hverju sinni. Landlæknir ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu þegar SST er virkjuð.

Almannavarnanefndir

Almannavarnir eru samnefnari viðbragða og úrræða þegar hættu- og neyðarástand skapast í samfélaginu. Í hverju sveitarfélagi starfar almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar. Í almannavarnanefnd situr lögreglustjóri og aðrir lykilmenn, þar með talinn heilbrigðisstarfsmaður og stjórna þeir viðbrögðum sem tryggja öryggi hins almenna borgara þegar hætta vofir yfir. Hlutverk almannavarnanefnda er að móta stefnu og skipuleggja starf að almannavörnum í héraði í samræmi við lög um almannavarnir nr. 82/2008. Fulltrúi HVEST í Almannavarnarnefnd er framkvæmdastjóri lækninga.

Aðgerðastjórn almannavarnanefnda


Aðgerðastjórn (AST) er sameiginleg aðgerðastjórn viðbragðsaðila. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er stjórn aðgerða í héraði í höndum lögreglustjóra þegar almannavarnaástand ríkir. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands og fulltrúum hlutaðeigandi viðbragðsaðila. Aðgerðastjórn ber ábyrgð á stjórnun aðgerða í sínu umdæmi og sinnir upplýsingaskyldu gagnvart SST og almannavarnanefnd. Aðgerðastjórn fyrir norðanverða Vestfirði er til húsa á Guðmundarbúð við Sindragötu. Framkvæmdastjórn skipar fulltrúa í aðgerðarstjórn, sem helst þarf að vera útsjónarsamur og kunnugur staðháttum en ekki með menntun sem nauðsynlegt er að nýta í beinu viðbragði á vettvangi eða á sjúkrahúsinu.

Vettvangsstjórn almannavarnanefnda

Við slysstað er skipuð vettvangsstjórn (VST) sem ber ábyrgð á heildarstjórnun og samhæfingu aðgerða á vettvangi. Störf vettvangsstjórnar og fjöldi starfsfólks í stjórninni er ávallt háð umfangi og eðli aðgerðarinnar. Vettvangsstjórn skipar verkþáttastjóra: björgunarstjóra, aðhlynningarstjóra, gæslustjóra og flutningastjóra. Vettvangsstjórn skipar einnig fólk í fjarskipti og skráningu. VST sinnir upplýsingaskyldu gagnvart aðgerðastjórn.

Aðhlynningarstjóri

Stjórnar og samhæfir sjúkrahjálp á vettvangi. Aðhlynningarstjóri (AHS) kemur að jafnaði frá heilbrigðisgeiranum og er þá tilnefndur af viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar. Hann hefur yfirumsjón með undirbúningi á móttöku þolenda frá slysstað á söfnunarsvæði slasaðra. Sjá nánar gátlista aðhlynningarstjóra á bls. 27.



Mynd 1: Stjórnskipulag almannavarna og tenging þess við heilbrigðisstofnanir

Stjórnskipulag heilbrigðisstofnana innan skipulags almannavarna

Þegar hætta steðjar að er stjórnskipulag almannavarna virkjað og eftir það fara samskipti við heilbrigðisstofnanir fram samkvæmt þeirra viðbragðsáætlunum.

Viðbragðsstjórn

Forstjóri skipar viðbragðsstjórn (VBS) sem ber ábyrgð á viðbragðsáætluninni. Helstu verkefni eru að skipuleggja viðbúnað og hafa yfirsýn yfir starfsemi, stýra og samhæfa aðgerðir innan spítalans og eiga samstarf við aðra viðbragðsaðila. Forstjóri skipar jafnframt formann VBS.

Í viðbragðsstjórn sitja:

Viðbragðsstjórn:
Forstjóri:
- Lúðvík Þorgeirsson

Framkvæmdastjóri lækninga:
-Súsanna B. Ástvaldsdóttir

Framkvæmdastjóri hjúkrunar:
- Hildur Elísabet Pétursdóttir

Staðgenglar:
Fjármálastjóri:
- Elísabet Samúelsdóttir

Mannauðsstjóri:
- Erling Aspelund
-Unnur Árnadóttir

Deildarstjóri sjúkradeildar
-- Þórunn Pálsdóttir

Staðgenglar 2:
Heilbrigðisgagnafræðingur
-Elín Hólm

Ritari heilsugæslu
-Aðalheiður Jónsdóttir

Hjúkrunarfræðingur
- Rannveig Björnsdóttir

Viðbragðsstjórnin sinnir heildarstjórnun og samhæfingu á öllu því sem viðkemur atburðinum innan stofnunarinnar. Mynd 3 lýsir hlutverki viðbragðsstjórnar og staðsetningu hennar innan stjórnskipulags almannavarna.

Helstu verkefni vegna fjölmiðlasamskipta.

- ☐ Senda skal út fréttatilkynningu eins fljótt og auðið er til fjölmiðla í samráði við aðgerðastjórn.
- ☐ Forstjóri eða staðgengill hans er tengiliður við fjölmiðla.
- ☐ Ákvarða skal fasta reglubundna tíma til að senda út upplýsingar um gang mála.
- ☐ Ef nauðsyn krefur skal ákvarða stað innan heilbrigðisstofnunar þar sem fjölmiðlafólk getur komið og fengið upplýsingar um gang mála. Fylgjast með fréttum í fjölmiðlum frá atburðinum.
- ☐ Á neyðarstigi er tekið á móti fjölmiðlafólki við tannlæknastofur á 1. hæð. Því skal ekki hleypt þangað inn, heldur fylgt þangað, þegar viðbragðsstjórn leyfir.
- ☐ Aðrir starfsmenn en þeir sem eru í viðbragðsstjórn **eru beðnir að tjá sig alls ekki við fjölmiðla**, en beina þeim til viðbragðsstjórnarinnar.

Millistjórnendur

Millistjórnendur starfa samkvæmt starfslýsingum sínum nema ef viðbragðsáætlun og fyrirmæli frá viðbragðsstjórn kveða á um annað. Dæmi um millistjórnendur eru: Yfirlæknar, deildarstjórar, yfirsjúkraþjálfari, yfirmenn eldhúss, birgðahalds, tæknimála, apótek og yfirumsjón með húsnæði stofnunar.


Samskipti innan stofnunar: Viva Engage

Engage er skilvirkasti miðillinn til samskipta og upplýsingagjafar innan stofnunar. Þar er betra að setja meira en minna af upplýsingum og uppfæra eftir þörfum. Hægt er að búa til minni hópa.

Tímabundnir starfsmenn, utanaðkomandi fólk og verktakar geta fengið aðgang að Engage tímabundið ef tilefni er til. Hægt er að búa þá til með skjótum hætti án þess að vera með netfang við stofnunina. Umsjónarmaður upplýsingatækni hefur yfirumsjón með Engage og getur gert þetta.

Barnagæsla

Í sumum tilvikum er snúið að útvega barnapössun þegar farið er í útkall. Gert er ráð fyrir að aðstaða sé fyrir gæslu barna starfsmanna á meðan á útkalli stendur eða þangað til aðrir aðstandendur geta sótt börn. Aðstaða fyrir slíkt getur verið í matsölum starfsmanna eða sjúklinga, í sal á Eyri eða annarsstaðar. Alltaf ætti að vera hægt að manna barnagæslu með starfsfólki, eldri börnum, fólki frá Rauða krossi eða starfsfólki á Eyri.



Mynd 2: Stjórnskipulag og hlutverk almannavarna og heilbrigðisstofnana

6.3 Sálrænn stuðningur og áfallahjálp

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST

Samráðshópur áfallahjálpar innan SST er virkjaður þegar ástæða þykir til og er hópurinn kallaður út af heilbrigðisstarfsmönnum innan SST. Fulltrúi landlæknis er hópstjóri og boðar til fyrsta fundar. Í hópnum sitja einnig verkefnastjóri heilbrigðismála hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (RLS), fulltrúi áfallahjálparmiðstöðvar hjá LSH, fulltrúi RKÍ og fulltrúi Þjóðkirkjunnar. Samráðshópur SST mótar aðgerðastefnu, samhæfir aðgerðir og styður við samráðshóp áfallahjálpar í viðkomandi umdæmi eða umdæmum.

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi er kallaður saman þegar tilefni þykir. Hópurinn velur sér hópstjóra. Frumkvæði að myndun hópsins kemur frá aðilum innan umdæmis en samráðshópur áfallahjálpar innan SST getur einnig hvatt til myndunar hópsins. Í hópnum eiga sæti: svæðisfulltrúi frá RKÍ, fulltrúi Þjóðkirkjunnar, fulltrúi heilbrigðisstofnunar innan umdæmis og fulltrúi félagsþjónustu innan umdæmis.


Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar hefur það hlutverk að tilnefna verkefnastjóra áfallahjálpar úr starfsliði heilbrigðisstofnunar sem tekur sæti í hópnum.

Samráðshópur áfallahjálpar í umdæmi starfar með aðgerðastjórn í umdæminu og í samráði við samráðshóp SST. Heilbrigðisstofnun getur leitað til samráðshóps í umdæmi varðandi aðstoð við sálrænan stuðning til aðstandenda eða annarra þolenda.

Samráðshópur áfallahjálpar á Ísafirði

- Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar, s:8997902, margret@isafjordur.is, hópstjóri
    - Vara: Harpa Stefánsdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu, s:8670396
- Hlynur Snorrason, Lögreglan, s: 8921694, hlynur.snorrason@logreglan.is
- Auður Helga Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur Rauði kross, s: 6923580, audgum@simnet.is
    - Vara: Harpa Guðmundsdóttir, iðjuþjálfi Rauði kross, s: 8698989, kjarrh2@gmail.com
- Hildur Elísabet Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur S: 6952222, hildurep@HVest.is,
    - Vara: Svava Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, s: 697 4667, svava@HVest.is
- Sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur, s: 844 7153, isafjardarkirkja@simnet.is

Mynd á næstu síðu sýnir nánar skipulag áfallahjálpar sem veitt er almenningi á neyðartímum.



Mynd 3: Skipulag áfallahjálpar á neyðartímum

7. Starfssvæði

Öll kort og teikningar eru í kafla 11 á blaðsíðu 50.

Aðalinngangur

Aðalinngangur veit í norður í miðbyggingu beint inn frá bílastæði. Inn af aðalinngangi er móttaka/upplýsingar. Sams konar inngangur er í kjallara miðbyggingar.

Ritari/aðgangsstjóri skal staðsettur við aðalinngang. Allir viðbragðsaðilar skulu mæta á biðstofu slysadeildar á 1. hæð.

Aðhlynning/biðsvæði innan dyra

Móttaka slasaðra er í innkeyrslu sjúkrabíla (sjá mynd í kafla 11) og þeim er sinnt á slysadeild. Eftir skoðun fara þeir sem bíða aðgerðar, eða flutnings, á sjúkradeild á 2. hæð.

Aðkoma sjúkrabíla (að og frá)

er í innkeyrslu sjúkrabíla í vesturálmu, til hægri við aðalinngang.

Aðsetur viðbragðsstjórnar

er á skrifstofu forstjóra á 2. hæð t.h. Viðbragðsstjórn hefur þar 4 skrifstofur til afnota. Einnig getur verið gott að vera með borð fyrir framan matsal starfsmanna.

Apótek

Apótek er staðsett á 0. hæð vesturálmu.

Barnagæsla

er í boði fyrir starfsfólk sem kemur í útkall gott er að hafa hana í samkomusal á Eyri eða þar sem hentar. Barnagæsla er mönnuð þeim starfsmönnum sem lausir eru, eða eldri börnum.

Bráðamóttaka/móttaka slasaðra

Á slysadeild inn af sjúkrabílainnkeyrslu. Á slysadeild eru þrjár móttökustofur.

Búnaður greiningasveitar

Er staðsettur við sjúkrabílainnkeyrslu.

Búnaður greiningarsveitar samanstendur af fatnaði, greiningabúnaði (fyrir bráðaflokkun og áverkamat), búnaði til sérhæfðar sjúkrahjálpar (ALS) og öryggisbúnaði (tetra-stöðvar, snjóflóðaýlur). Búnaðarlisti greiningarsveitar er í geymsluskáp fyrir töskur greiningarsveitar, einnig aftast í öllum viðbragðsáætlunum.

Greiningarsveitin kemur sér sjálf á vettvang í bílum HVEST.

Gjörgæsla

Er á 1. hæð, á skurðstofu eða á vöknun.

Lager, hjúkrunarvörur

Er á 0. hæð vesturálmu.

Móttaka aðfanga
Er um vörumóttökudyr vesturálmu í kjallara. Akstur inn frá hægri.

Móttaka aðstandenda
Þeirra slösuðu sem eru á sjúkrahúsinu, er í matsal á 2. hæð. Um móttöku þeirra og aðstoð við þá sjá móttökuritarar, starfsmenn endurhæfingardeildar og iðjuþjálfunar.

Aðstandendur þeirra fórnarlamba, sem eru ófundnir, látnir, eða enn á slysavettvangi, fara á Söfnunarsvæði aðstandenda í Fjöldahjálparstöð RKÍ í Grunnskóla Ísafjarðar við Aðalstræti.

Móttaka farsóttarsjúklinga, þolendur eitrana eða geislunar
Um sjúkrabílainnkeyrslu við Slysadeild á 1. hæð vesturálmu. Þaðan á sjúkradeild á 2. hæð. Sjá „Viðbragðsáætlun vegna smitnæmra sjúkdóma“.

Móttaka og varsla látinna
Er í líkhúsi í kjallara vesturálmu. Lík frá slysavettvangi ætti ekki að flytja í líkhús fyrr en að lokinni bráðahjálp slasaðra á vettvangi og á sjúkrahúsinu. Líkhús rúmar 6-7 lík í kæli. Hægt er að fá kæligám (Eimskip – Samskip) til bráðabirgða og staðsetja við neyðarinngang vesturálmu.

Myndgreining
1. hæð vesturálmu.

Rannsóknarstofa
1. hæð vesturálmu.

Símavarsla
Í móttöku/afgreiðslu inn af aðalinngangi.

Skurðstofa
1. hæð vesturálmu. Þar er einnig Vöknun, með tveimur lífsmarkamónitorum. Pláss er fyrir 2-3 skurðteymi. Ein svæfingavél (ein önnur í neyð), tvær sprautudælur.

Söfnunarsvæði utanhúss vegna rýmingar stofnunar
Á aðalbílastæði stofnunarinnar.

Varaaflstöð
Díselknúin varaaflstöð er í jarðhýsi í kjallararennu. Hún fer sjálfkrafa í gang í rafmagnsleysi. Ráðsmaður sér um varaaflsstöðina.

Þyrlupallur
Er á flugvellinum á Ísafirði.

8. Áhættumat stofnunar

Íbúafjöldi á upptökusvæði er:

Ísafjarðarbær	3.800	(Skutulsfjörður, Hnífsdalur, Ísafjarðardjúp, Súgandafjörður, Önundarfjörður, Dýrafjörður, norðanverður Arnarfjörður)
Bolungarvík	945	
Súðavíkurhreppur	204	
Samtals:	**4.949**	

- **Helstu áhættuþættir:**
    - Snjóflóð (utan svæða með snjóflóðavörn)
        - Súðavíkurhlíð – Snjóflóð víða (bílar, snjóruðningstæki)
        - Kirkjubólshlíð - Snjóflóð víða (bílar, snjóruðningstæki)
        - Eyrarhlíð milli Ísafjarðar og Hnífsdals - Snjóflóð (bílar, snjóruðningstæki)
        - Hvilftarströnd, Önundarfirði - Snjóflóð (bílar, snjóruðningstæki)
        - Skíðasvæði í Tungudal og á Seljalandsdal á Ísafirði - Snjóflóð (skíðaiðkendur, starfsmenn skíðasvæðis, snjótroðari)
        - Ísafjörður, Grænagarðssvæði - Snjóflóð (bílar, gangandi umferð)
    - Aurflóð - grjóthrun
        - Sömu staðir og snjóflóð
    - Sjávarflóð
        - Suðureyri – flóðalda frá snjóflóði á Norðureyri hinu megin fjarðar
    - Bíl- og rútuslys
        - Vestfjarðagöng (milli Ísafjarðar, Önundarfjarðar og Súgandafjarðar)
        - Bolungarvíkurgöng (milli Ísafjarðar/Hnífsdals og Bolungarvíkur)
        - Dýrafjarðargöng (milli Dýrafjarðar og Arnafjarðar)
        - Vegir – fjallvegir og vegstæði sem liggja hátt
        - Sauðfé – við vegi víða
    - Flugslys
        - Ísafjarðarflugvöllur
        - Þingeyrarflugvöllur
        - Reykjafjarðarflugvöllur á Ströndum
        - Lendingastaðir í Aðalvík, Fljótavík og Hornvík á Hornströndum
    - Sjóslys
        - Ferjur í Ísafjarðardjúpi, Jökulfjörðum og undan Hornströndum
        - Fiskiskip og bátar Í Ísafjarðardjúpi, Jökulfjörðum og Vestfjarðamiðum
        - Skemmtiferðaskip
    - Húsbruni
    - Eiturefni
        - Sundlaugar – Klór, klórgas
        - Frystihús, frystiklefar – Ammoníakleki
        - Bændur – Smjörsýra

Afkastageta sjúkrahússins:

- Miðast við tilefnið og fast starfsfólk sem er til staðar á hverjum tíma:

- 24 rúmpláss á sjúkradeild, 2 á fæðingadeild og 4 á fyrrverandi öldrunardeild (með tilfæringum skrifstofustarfsfólks), alls 31
- Skurðgeta er 1 slasaður í svæfingu - 3 í einu með aðkominni skurðaðstoð
- 3 öndunarvélar, að svæfingarvélum meðtöldum
- 5 hjartavaktarar á hjólum, þar af 2 með CO2 mælingu
- 1 hjarta- og öndunarvaktari á svæfingarvélum
- 4-6 stakir súrefnismettunarmælar
- 3 sprautudælur, þar af 2 nýjar með LSH protokollum
- 4 vökvadælur

9. Verkefni starfsfólks

Skiptiborð/símsvörun sjúkradeild - óvissustig

Berist tilkynning um hópslys eða aðra vá frá utanaðkomandi aðila til símavaktar/sjúkradeildar utan dagvinnu, skal umsvifalaust haft samband við vakthafandi lækni og viðbragðsstjórn (VBS) (kafli 4.1-2).

- ☐ Kallar út starfsfólk skv. fyrirmælum vakthafandi læknis, eða Viðbragðsstjórnar
- ☐ Tryggir símavörslu heilbrigðisstofnunar þar til skiptiborð er opnað
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn

Skiptiborð/símsvörun sjúkradeild - hættustig

Berist tilkynning um hópslys eða aðra vá frá utanaðkomandi aðila til símavaktar/sjúkradeildar utan dagvinnu skal umsvifalaust haft samband við vakthafandi lækni og viðbragðsstjórn (kafli 4.1-2).

- ☐ Kallar út starfsfólk skv. fyrirmælum vakthafandi læknis, eða Viðbragðsstjórnar
- ☐ Upplýsir samstarfsfólk um viðbragðsstig
- ☐ Tryggir símavörslu heilbrigðisstofnunar
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
- ☐ Símavakt beinir fyrirspurnum frá fjölmiðlum til viðbragðsstjórnar.
- ☐ Heldur dagbók (dags, kl., hvað gert) og gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Skiptiborð/símsvörun sjúkradeild- neyðarstig

Berist tilkynning um hópslys eða aðra vá frá utanaðkomandi aðila til símavaktar/sjúkradeildar utan dagvinnu skal umsvifalaust haft samband við vakthafandi lækni og viðbragðsstjórn (kafli 4.1-2).

- ☐ Kallar út starfsfólk skv. fyrirmælum vakthafandi læknis, eða viðbragðsstjórnar
- ☐ Upplýsir samstarfsfólk um viðbragðsstig
- ☐ Tryggir símavörslu heilbrigðisstofnunar
- ☐ Kallar eftir borði og 2 stólum við landakortið af Vestfjörðum í anddyri fyrir a.m.k. einn heilbrigðisgagnafræðinginn og annan starfsmann, til að leiðbeina fólki sem kemur inn og til að skrá starfsmenn, sem mæta til vinnu
- ☐ Beinir börnum starfsmanna á endurhæfingardeild í kjallara norðurálmu
- ☐ Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá viðbragðsstjórn
- ☐ Símavakt beinir fyrirspurnum frá fjölmiðlum til viðbragðsstjórnar.
- ☐ Heldur dagbók (dags, kl., hvað gert) og gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar

Viðbragðsstjórn - ÓVISSUSTIG

Hlutverk viðbragðsstjórnar:

- ☐ Kemur saman á skrifstofu forstjóra.
- ☐ Metur eðli og umfang slyssins/atburðarins
- ☐ Stjórn og samhæfing viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun
- ☐ Lætur boða út skv. útkallslista EF ÞAÐ HEFUR EKKI VERIÐ NÚ ÞEGAR VERIÐ GERT eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum Neyðarlínu
- ☐ Fjarskipti við AST/SST (sjá skipulag fjarskipta)
- ☐ Samskipti og samráð við eftirfarandi eftir því sem við á:
    - Aðgerðastjórn
    - Samhæfingarstöð
    - Fjölmiðla
        - Forstjóri er fjölmiðlafulltrúi HV
        - Gefa út fréttatilkynningar
        - Ákveða fasta tíma fyrir fjölmiðlasamskipti
        - Móttaka fjölmiðlafólks er á biðstofu tannlækna 1. hæð
- ☐ Skipar greiningarsveit , stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra fyrir SSS
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra frá AST/SST/112

Verkefni:

- ☐ Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun
- ☐ Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu deilda
- ☐ Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráningu)
- ☐ Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL og með rýmingu stofnunar ef þörf krefur
- ☐ Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar
- ☐ Bíður frekari upplýsinga
- ☐ Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum

Afboðun og lok aðgerða

- ☐ Ákveður hvenær óhætt er að aflétta viðbragðsstigi
- ☐ Nota skal sömu boðleiðir við afboðun og boðun og tilkynna öllum sem boðaðir voru samkvæmt gátlistum
- ☐ Fer yfir atburðarás ásamt starfsfólki og metur hvernig til tókst
- ☐ Gerir skýrslu um atburðinn innan tveggja vikna og skilar til forstjóra

Viðbragðsstjórn - HÆTTUSTIG

Hlutverk viðbragðsstjórnar:

- ☐ Kemur saman á skrifstofu forstjóra.
- ☐ Metur eðli og umfang slyssins/atburðarins
- ☐ Lætur boða út skv. útkallslista EF ÞAÐ HEFUR EKKI VERIÐ NÚ ÞEGAR VERIÐ GERT eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum neyðarlínu
- ☐ Búa til workplace hóp f. Viðbraðgsaðila og pósta viðeigandi upplýsingum á workplace
- ☐ Stjórn og samhæfingu viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun
- ☐ Metur þörf á beiðni fyrir utanaðkomandi aðstoð

- ☐ Fjarskipti við AST/SST/112 (sjá skipulag fjarskipta)
- ☐ Samskipti og samráð eftir því sem við á,
    - Aðgerðastjórn
    - Samhæfingarstöð
    - Fjölmiðla
        - Forstjóri er fjölmiðlafulltrúi
        - Gefa út fréttatilkynningar
        - Ákveða fasta tíma fyrir fjölmiðlasamskipti
        - Móttaka fjölmiðlafólks er á biðstofu tannlækna 1. hæð
- ❑ Skipar greiningarsveit , stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra fyrir SSS inn á öll stig
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra frá AST/SST/112, ef ekki þegar lokið af vakthafandi lækni eða hjúkrunarfræðingi

Verkefni:

- ☐ Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun
- ☐ Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu deilda
- ☐ Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráning)
- ☐ Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL
- ☐ Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar
- ☐ Lætur undirbúa móttöku slasaðra
- ☐ Lætur undirbúa útskrift inniliggjandi sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Tryggir flutning fyrir útskrifaða sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Virkjar starfssvæði fyrir móttöku aðstandenda
- ☐ Hefur yfirsýn yfir stöðu deilda hverju sinni
- ☐ Annast samskipti og miðlar upplýsingum milli deilda
- ☐ Bíður frekari upplýsinga
- ☐ Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum

Afboðun og lok aðgerða

- ☐ Ákveður hvenær óhætt er að aflétta viðbragðsstigi
- ☐ Nota skal sömu boðleiðir við afboðun og boðun og tilkynna öllum sem boðaðir voru skv. gátlistum
- ☐ Kemur starfsemi heilbrigðisstofnunar í samt horf
- ☐ Viðrun fyrir starfsfólk og skipuleggur í samráði við hlutaðeigandi aðila
- ☐ Fer yfir atburðarrás ásamt starfsfólki og meta hvernig til tókst
- ☐ Gerir skýrslu um atburðinn innan tveggja vikna og skilar til forstjóra

Viðbragðsstjórn - NEYÐARSTIG

Hlutverk viðbragðsstjórnar:

- ☐ Kemur saman á skrifstofu forstjóra.
- ☐ Tilkynna á Workplace hvort útkallsaðilar eiga að koma strax í hús eða bíða átekta. Sérhver deildarstjóri ber ábyrgð á að upplýsa sitt starfsfólk
- ☐ Metur eðli og umfang slyssins/atburðarins
- ☐ Lætur boða út skv. Útkallslista EF ÞAÐ HEFUR EKKI VERIÐ NÚ ÞEGAR VERIÐ GERT eða óskar eftir boðun starfsmanna í gegnum Neyðarlínu
- ☐ Búa til workplace hóp f. Viðbraðgsaðila og pósta viðeigandi upplýsingum á workplace
- ☐ Stjórn og samhæfingu viðbúnaðar og aðgerða á heilbrigðisstofnun
- ☐ Metur þörf á beiðni fyrir utanaðkomandi aðstoð

- ☐ Tryggir fjarskipti við aðgerðastjórn/Samhæfingarstöð (sjá skipulag fjarskipta)
- ☐ Samskipti og samráð eftir því sem við á,
    - Aðgerðastjórn
    - Samhæfingarstöð
    - Fjölmiðla
        - Forstjóri er fjölmiðlafulltrúi
        - Gefa út fréttatilkynningar
        - Ákveða fasta tíma fyrir fjölmiðlasamskipti
        - Móttaka fjölmiðlafólks er á biðstofu tannlækna 1. hæð
- ❑ Skipar greiningarsveit , stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra fyrir SSS inn á öll stig
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra frá AST/SST/112, ef ekki þegar fengið hjá vakthafandi lækni eða hjúkrunarfræðingi

Verkefni:

- ☐ Tryggir öryggisgæslu á heilbrigðisstofnun og mannar borð fyrir skráningu og vegvísun inn í húsið
- ☐ Upplýsir stjórnendur lykileininga stofnunarinnar
- ☐ Fær upplýsingar um stöðu deilda
- ☐ Tryggir skráningu atburða í tímaröð (aðgerðaskráningu)
- ☐ Skipar umsjónaraðila með SSA og SSL
- ☐ Metur þörf og kallar inn viðbótar mannafla og búnað heilbrigðisstofnunar
- ☐ Lætur undirbúa móttöku þolenda
- ☐ Lætur undirbúa útskrift inniliggjandi sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Tryggir flutning fyrir útskrifaða sjúklinga eftir þörfum
- ☐ Virkjar starfssvæði fyrir móttöku aðstandenda innlagðra úr slysinu (matsalur 2. hæð)
- ☐ Hefur yfirsýn yfir stöðu deilda hverju sinni
- ☐ Annast samskipti og miðlar upplýsingum milli deilda
- ☐ Bíður frekari upplýsinga
- ☐ Endurmetur viðbúnaðarstig samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum

Afboðun og lok aðgerða

- ☐ Ákveður hvenær óhætt er að aflétta viðbragðsstigi
- ☐ Nota skal sömu boðleiðir við afboðun og boðun og tilkynna öllum sem boðaðir voru skv. gátlistum
- ☐ Kemur starfsemi heilbrigðisstofnunar í samt horf
- ☐ Viðrun fyrir starfsfólk og skipuleggja í samráði við hlutaðeigandi aðila
- ☐ Fer yfir atburðarás ásamt starfsfólki og meta hvernig til tókst
- ☐ Gerir skýrslu um atburðinn innan tveggja vikna og skilar til forstjóra

Læknir í viðbragðsstjórn – óvissustig Vinnst í samvinnu við viðbragðsstjórn

- ☐ Metur aðgerðir út frá fyrirliggjandi upplýsingum

Læknir í viðbragðsstjórn - hættustig

- ☐ Metur aðgerðir út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
- ☐ Skipar starfsfólk í greiningarsveit og þar á meðal einn lækni sem er stjórnandi sveitarinnar (stjórnanda greiningarsveitar) og **tvo** aðhlynningarstjóra (ef viðbragðsstjórn ekki komin).
- ☐ Skipar lækna í móttökuteymi með hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og starfsmönnum.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar.

Læknir í viðbragðsstjórn - neyðarstig

- ☐ Metur aðgerðir út frá fyrirliggjandi upplýsingum.
- ☐ Skipar starfsfólk í greiningarsveit og **tvo** aðhlynningarstjóra (ef viðbragðsstjórn ekki komin).
- ☐ Undirbýr brottför þeirra.
- ☐ Skipar lækna í móttökuteymi með hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum og starfsmönnum.
- ☐ Metur hversu mörgum þolendum heilbrigðisstofnunin getur tekið við, í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðing.
- ☐ Metur þörf á flutningi þolenda á önnur sjúkrahús og gefur fyrirmæli þar um í samvinnu við vakthafandi hjúkrunarfræðing og viðbragðsstjórn.
- ☐ Gerir minnisblað um atburðinn innan viku og skilar til viðbragðsstjórnar.

Greiningarsveit- óvissustig

Greiningarsveit hefur að öllu jöfnu ekki hlutverk á óvissustigi.

Greiningarsveit - hættustig

Mönnun

- ☐ Fimm manna sveit, skipuð 2 læknum, 3 hjúkrunarfræðingum (svæfing- og skurðhjúkrunarfræðingar?). ATH ÞARF AÐ **META HVORT FLEIRI EN GREINGARSVEIT FARI Á VETTVANG**
- ☐ Stjórnandi greiningarsveitar tilnefndur (læknir) og tilnefna einn **aðstoðarmann hans**
- ☐ **Læknir greiningasveitar– reynslumesti læknirinn á vakt**
- ☐ Aðhlynningarstjóri 1 og 2 tilnefndur (hjúkrunarfræðingar) og tilnefna einn **aðstoðarmann fyrir aðgerðarstjóra 1**.
- ☐ **Aðhlynningarstjóri 1** er með hlustun rás **4-5** (samskipti við SST og AST) og **aðhlynningarstjóri 2** er með hlustun á rás **4-0** (vettvangi). **Aðhlynningarstjóri 1** heldur í grófum dráttum utan um fjölda slasaðra og áverkamat (grænn, gulur, rauður og svartur) er í samskiptum við aðgerðarstjórn og samhæfingarstöð. **Aðhlynningarstjóri 1** í samráði við **stórnandi lækni** kallar eftir: greiningarsveit LSH, flugvélum, þyrlum, blóði o.s.frv. **Aðhlynningarstjóri 2** heldur utan um fjölda slasaðra á SSS með nánari áverkalýsingum er í samskiptum við verkþátta stjórnendur (björgunarstjóra, gæslustjóra og flutningsstjóra) ásamt vettvangsstjóra. **Aðhlynningarstjóri 2** skipuleggur flutning á HVEST, LSH og SAK.
- ☐ Mæta við geymslu hópslysabúnaðar á Slysadeild.
- ☐ Skipa stjórnanda fyrir hvert svæði, grænt, gult og rautt (sjúkraliðar t.d.). Stjórnandi hvers svæðis heldur utan um fjölda þolenda á svæðinu og skráir helstu upplýsingar (nafn, komutími,
- ☐ **Aðhlynningarstjóri 2.** (hjúkrunarfræðingur hsg)
    - Fyllir út lista: nafn/nr/aldur, áverkar, flutningur hvert? SAK/Hvest/LSH (höfuðtrauma), tími útskrift af SSS. **EYÐUBLAÐ**
    - Undirbúningur á móttöku þolenda.
    - Undirbúningur SSS (rautt, gult og grænt svæði) samkvæmt bráðaflokkun og áverkamati sjúklinga

Búnaður

- ☐ Sækir búnað greiningarsveitar á Skiptiborði og Slysadeild og undirbýr brottför
    - Búnaður: 6 bakpokar og hlífðarföt eftir þörfum. 1 poki fyrir áverkamatssvæðið, 2 pokar fyrir rauða svæðið, 1 poki fyrir gula svæðið, 1 poki fyrir græna svæðið. – sjá lista á búnaðargeymslu
    - Listi yfir lyf og vökva – sjá lista í búnaðargeymslu. 1 hjúkrunarfræðingur sækir viðkomandi lyf og vökva, er í skáp v/sjúkrabílamóttöku.
    - Fjarskiptatæki - 2 tetra-tæki fyrir stjórnanda greiningarsveitar og aðhlynningarstjóra. 1 hjúkrunarfræðingur sækir tetra-stöðvar greiningarsveitar (á sótthreinsun) og Aðhlynningarstjóra (á símavakt).
    - Klemmuspjöld, merkt: stjórnandi læknir, aðhlynningarstjóri 1 og 2, stjórnendur SSS svæða.
- ☐ Bíður frekari fyrirmæla
- ☐ Fær upplýsingar um áfangastað frá 112/viðbragðsstjórn

Flutningur

- ☐ Fer á vettvang í bílum HVEST.
- ☐ Greiningarsveit starfar undir stjórn vettvangsstjóra á vettvangi

Stjórnandi greiningarsveitar(læknir).

- ☐ Stjórnandi greiningasveitar skipuleggur störf liðsmanna sveitarinnar í samvinnu við aðhlynningarstjóra.
- ☐ Tryggir að fjarskiptasambandi og samskiptum sé komið á við eftirfarandi, (sjá mynd í fjarskiptakafla) í samvinnu við aðhlynningarstjóra:
    - Viðbragðsstjórn heilbrigðisstofnunar innan umdæmis
    - Vettvangsstjóra
    - Aðgerðastjórn
    - Samhæfingarstöð
- ☐ Fylgist með að nóg sé af mannskap, búnaði og sjúkraflutningatækjum

Læknir greiningasveitar

- ☐ **Reynslumesti læknirinn VERÐUR FLJÓTANDI Á MILLI RAUÐA OG GULA SVÆÐIS TIL AÐ GERA LÆKNISVERK – vinnur í samráði við stjórnanda greiningasveitar**

Aðhlynningarstjóri 1

- ☐ Stjórnar og samhæfir að rétt aðstoð berist á réttum tíma, aðföng, aðrar greiningarsveitir og logistics (Þyrla og sjúkraflugvél)
- ☐ ATH það þarf að biðja frekar fljótt um utanaðkomandi aðstoð
    - Greiningarsveit LSH
    - Blóð/Plasma/Flögur
    - Boða þyrlur (2), sjúkraflugvélar (2)
- ☐ Hefur yfirumsjón með
    - Undirbúningi á svæði fyrir birgðir og aðrar bjargir innan SSS
    - Er í fjarskiptasambandi við Viðbragðsstjórn (Hvest), AST (Aðgerðarstjórn) og SST (samhæfingamiðstöð, RVK). Mynd 4 á bls 48 sýnir þetta. **Rás 4-5**
